

**Sp.**

**278. Tillaga til þingsályktunar**

[141. mál]

um afnám tekjuskatts.

Flm.: Emil Jónsson, Benedikt Gröndal, Pétur Pétursson, Eggert Þorsteinsson, Friðjón Skarphéðinsson, Áki Jakobsson, Gunnlaugur Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna gaumgæfilega möguleika á, að tekjuskattur verði afnuminn með öllu, svo og að innheimta önnur opinber gjöld af launum, jafnóðum og þau eru greidd.

**Greinargerð.**

Flokksstjórnarfundur Alþýðuflokksins, sem haldinn var í Reykjavík 15. og 16. febr. s. l., gerði m. a. svofellda ályktun:

„Flokksstjórnin telur, að stefna beri að breytingum á skattakerfi landsins í þá átt að gera það einfaldara og meira í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar. Flokkurinn hvetur ríkisstjórnina til að kanna gaumgæfilega möguleika á, að tekjuskattur verði afnuminn með öllu, og beita sér fyrir því, að önnur opinber gjöld verði innheimt af launum jafnóðum og þau eru greidd.“

Þessi samþykkt markar stefnubreytingu hjá Alþýðuflokknum í skattamálum. Fyrr á árum lagði flokkurinn höfuðáherzlu á stighækkandi tekjuskatt, þar sem slíkur skattur var nær eina leiðin til að leggja byrðar þjóðfélagsins á hina tekjuhærri og efnæðri borgara og jafna tekjuskiptinguna. Nú eru þessi viðhorf gerbreytt. Komið er til sögunnar umfangsmikið tryggingakerfi, sjúkrasamlög, atvinnuleysis-tryggingar, lífeyrissjóðir, niðurgreiðsla á ýmsum nauðsynjavörum, öflug og viðurkennð verkalýðshreyfing og fleira, sem stuðlar að þeirri réttlátu tekjudreifingu og þeirri tryggingu efnahagslegs öryggis, sem frá öndverðu hefur verið ein meginhugsjón Alþýðuflokksins.

Þýðing tekjuskattsins er og gerbreytt. Hann er orðinn lítill hluti ríkisteknanna, en mikill meiri hluti þeirra eru óbeinir skattar. Atvinnuvegir landsmanna eru orðnir svo fjölbreyttir og tekjustofnar einstaklinga svo margbreytilegir, að það er ýmsum atvikum háð, hvaða tekjur eru gefnar upp til skatts og hverjar eru það ekki. Þannig hefur skapast í þjóðfélaginu verulegt misrétti, sem er fastlaunafólki í óhag. Stafar þetta af þeirri staðreynd, að mikill hluti skattgreiðenda hikar ekki við að telja rangt fram, og sýnir það bezt, að skatturinn er ekki í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar. Af þessum sökum væri það veruleg bót að losna við hann.

Þá er hins að geta, að neyzla landsmanna og lífnaðarhættir eru þannig, að tvímælalaust má leggja óbeina skatta á vörur og viðskipti þannig, að réttlátlega komi niður á þegnana eftir efnunum og ástæðum. Þeir, sem mest leyfa sér og ríkulagast lífa, hljóta að greiða mest í slíkum sköttum. Er þess og að minnast, að innheimta óbeinna skatta er stórum ódýrari fyrir ríkið en innheimta beinna skatta.

Alþýðuflokkurinn væntir þess, að þessi breyting á skattheimtu ríkisins reynist framkvæmanleg og verði fyrsta skrefið í áttina til þess, að beinir skattar verði afnumdir með öllu.

Seinni liður tillögunnar, um að þeir beinu skattar, sem lagðir eru á á hverjum tíma, verði innheimtir jafnóðum og laun eru greidd, er gamalt mál, sem Alþýðuflokkurinn og ýmsir aðrir hafa hreyft. Þarf ekki frekari rökstuðning fyrir þeim lið, enda röksemdir í málinu alkunnar.